



Þórshafnarhreppur
Reinhard Reynisson
sveitarstjóri
680 Þórshöfn

TILV. RÁÐUNEYTIS

Samþykkt um hundahald í Þórshafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Þórshafnarhreppi

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Sækja skal um leyfi til að halda hvern einstakan hund. Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hans afhenta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða sveitarsjóði leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir skv. sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.
- c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar

byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Á almannafæri (skipulögðu þéttbýli) er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hund/a sína á tryggilegan hátt.

e) Hundaeiganda ber að öðru leyti að hlíta lögum og reglum er hundahald varða, þ.á.m. reglum um árlega hreinsun hunda, greiðslu leyfisgjalds, svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd kann að setja.

f) Leyfi fyrir einstökum hundum er að jafnaði háð því að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda, með tilliti til hávaða óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysahattu.

g) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki eigenda/íbúa hússins fylgja umsókn. Raðhús telst ekki sambýlishús nema um sameiginlega lóð sé að ræða.

h) Eigendum þeirra hunda sem grunaðir eru um að vera smitberar, er skylt að hlíta því að hundar þeirra séu rannsakaðir, sé þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.

i) Skráðum bændum er heimilt að halda einn hund án greiðslu leyfisgjalds og einnig er heimilt að halda viðurkennda veiðihunda án greiðslu leyfisgjalds. Um þá gilda að öðru leyti öll ákvæði samþykktar þessarar, þar með talin tryggingar- og hreinsunarskylda.

31. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eiganda hundsins er skylt að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sé hunds ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans, má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Hreppsyfirvöldum er aldrei skylt að geyma skráða hunda lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Kostnaður greiðist af eiganda.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað, af þar til kvöddum yfirvöldum.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýsa tryggilega, t.d. í útvarpi eða blöðum. Sé hunds ekki vitjað innan tíu daga má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn má krefja hann um greiðslu kostnaðar.

Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða reglum settum samkv. henni varða sektum, nema þyngri refsins liggi við að lögum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála og í samræmi við VI og VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðisfirlit.

5. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Þórshafnarhreppi, frá 18. júní 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

30. maí 1991.